

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 18.5.2021  
Tilvísun: 20210503788

**Umsögn ríkisskattstjóra um breytingu á lögum um ferðagjöf, nr. 54/2020 – 776. mál, þskj. 7359**

Ríkisskattstjóri hefur þann 10. maí sl. móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál. Telur ríkisskattstjóri ástæðu til eftirfarandi athugasemda við frumvarpið eins og það liggur fyrir:

Með 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 3. gr. laga nr. 54/2020, um ferðagjöf. Fram kemur að heildarfjárhæð stuðnings til tengdra rekstraraðila geti að hámarki numið 260 millj. kr., að meðtöldum stuðningi samkvæmt lögum þessum og lögum um viðspyrnustyrki, sem og lokunarstyrkjum fyrir lokunartímabil eftir 17. september 2020 samkvæmt lögum um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru og tekjufallsstyrkjum samkvæmt lögum um tekjufallsstyrki.

Ríkisskattstjóri bendir á að samkvæmt 4. gr. laga um ferðagjöf, nr. 54/2020 hefur Ferðamálastofa eftirlit með framkvæmd þeirra laga. Ekki liggur fyrir á hvern hátt því eftirliti yrði best hagað m.t.t. til þeirra skilyrða sem sett yrðu samkvæmt tilvitnaðri 2. gr. frumvarpsins. Í því sambandi verður m.a. að telja vandséð að sá eftirlitsaðili hafi allar þær upplýsingar og gögn sem ætla mætti að séu nauðsynlegar til skoðunar á því að nýting ferðagjafar hjá einstökum rekstraraðilum sé innan settra takmarkana. Ríkisskattstjóri bendir jafnframt á að ekki standi heimildir til miðlunar upplýsinga frá skattyfirvöldum til Ferðamálastofu ef svo hátti til að þeirra sé þörf.

Að öðru leyti gerir ríkisskattstjóri ekki athugasemdir við efni frumvarps þessa.

Virðingarfyllst,  
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Ingvar J. Rögnvaldsson